

Nd.

80. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um skipun deildarstjóra í iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvers vegna voru engin samráð höfð við rannsóknarráð ríkisins um ráðningu þess starfsmanns iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, sem nýlega hefur jafnframt verið skipaður deildarstjóri hennar, þótt það sé skylt lögum samkvæmt?

Greinargerð.

Fyrir nokkru sagði deildarstjóri iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, Trausti Ólafsson prófessor, deildarstjórastarfi sínu lausu, en starfar áfram sem sérfræðingur við deildina. Nýlega hefur atvinnumálaráðherra skipað nýjan starfsmann við þessa deild og gert hann jafnframt að deildarstjóra. Samkvæmt lögum um náttúrurannsóknir, nr. 68 7. maí 1940, er ráðherra skylt að hafa samráð við rannsóknarráð ríkisins, er hann skipar nýja starfsmenn við atvinnudeildina. Þessi lagafyrirmæli virti ráðherrann þó að vettugi í sambandi við ráðningu þessa starfsmanns, og hefði þó ekki síður verið ástæða til þess að fylgja þeim fyrir þá sök, að þessi nýi starfsmaður var þegar í stað skipaður yfirmaður hinna, sem fyrir voru. Við iðnaðardeildina hafa starfað nokkrir efnafræðingar og einn gerlafræðingur, og hefur það vakið furðu, að engum þeirra skuli hafa verið treyst til þess að takast deildarstjórnina á hendur. Hinn nýi starfsmaður, sem er efnafræðingur, hefur ekki verið í þjónustu hins opinbera fyrr, heldur starfað hjá einkafyrirtæki, að vísu við efnafræðistörf, en á mjög þröngu sviði. Fráfarandi deildarstjóri mun hafa mælt með einum af þeim efnafræðingum, sem fyrir voru í deildinni, dr. ing. Jóni E. Vestdal, sem eftirmanni sínum. Ráðherrann hefur þó haft þau meðmæli að engu, auk þess, sem hann leitar ekki álits rannsóknarráðsins um ráðningu hins nýja manns, er hann síðan skipar deildarstjóra. Munu þessar aðfarir ráðherrans hafa valdið mikilli óánægju innan iðnaðardeildarinnar og atvinnudeildarinnar yfir höfuð að tala.

Ef hér væri um það eitt að ræða, að ráðherra hefði á löglegan hátt og eigin ábyrgð falið forstöðu stofnunar öðrum en þeim, sem starfsmönnum hennar og fjölmörgum öðrum mun finnast rétt og eðlilegt, væri það einkamál hans og stofnunarinnar, og tæplega ástæða til þess fyrir Alþingi að láta málið til sín taka. En hér er um meira að ræða. Ráðherra virðir að vettugi skýr og ótvíræð lagaákvæði um, hvernig ráðningu opinbers starfsmanns skuli hagað. Slíkt tel ég Alþingi ekki geta látið afskiptalaust. Ráðherrum á ekki að líðast að brjóta lög fremur en öðrum mönnum, nema síður sé. Og þótt ég spyrji hér um ástæður fyrir því, að ekki var farið að lögum við þessa ráðningu, er það ekki af þeim sökum, að ég telji nokkrar ástæður geta réttlætt slíkt, heldur af því einu, að fróðlegt er að heyra þær, áður en frekar verður aðhafzt í málinu.